

## GJALDSKRÁ

### fyrir Stjórnartíðindi.

#### 1. gr.

Fyrir efni sem birtist í Stjórnartíðindum skal greiða gjald skv. 2. og 3. gr. Efni sem birtast á í Stjórnartíðindum skal berast Stjórnartíðindum minnst 10 virkum dögum fyrir birtingardag.

#### 2. gr.

1. Gjald fyrir birtingu efnis í A-deild Stjórnartíðinda er 4.000 kr. fyrir hverja síðu.
2. Gjald fyrir birtingu efnis í B-deild Stjórnartíðinda:
  - a. Fyrir texta sem sendur er í gegnum auglýsingakerfi Stjórnartíðinda greiðist 9.000 kr. lágmarksgjald. Auk lágmarksgjalds greiðast 2 krónur fyrir hvert stafabil umfram fyrstu 1000 stafabil.
  - b. Fyrir birtingu mynda og uppdrátta greiðist eftirfarandi gjald:  
Fyrir 1-5 myndir 5.000 kr.  
Fyrir 6-15 myndir 10.000 kr.  
Fyrir 16 myndir eða fleiri 15.000 kr.
  - c. Fyrir birtingu EES-gerðar með reglugerð, fullfrágengið fylgiskjal, greiðast 15.000 kr.
  - d. Fyrir birtingu skipulagsskrár sem staðfest er samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988 eða breytingu á henni greiðast 27.000 krónur.
3. Gjald fyrir birtingu efnis í C-deild Stjórnartíðinda er 5.000 kr. fyrir hverja síðu.
4. Fyrir birtingu efnis sem óskað er að birtist innan 10 virkra daga skal greiða 80% álag á gjald skv. lið 1, 2 og 3. Heimilt er að innheimta sama álag vegna vinnu við innslátt eða uppsetningu efnis sem ekki er skilað fullunnu.

#### 3. gr.

Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laga nr. 15 10. mars 2005, um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, eru gjöld fyrir áskrift að prentaðri útgáfu Stjórnartíðinda sem hér segir:

A-deild kr. 60.000 á ári.

B-deild kr. 160.000 á ári.

C-deild kr. 60.000 á ári.

Verð einstakra prentaðra hefta er kr. 16.000.

Verð fyrir árganga eldri en 2005 er sem hér segir:

A-deild kr. 6.000 á ári.

B-deild kr. 16.000 á ári.

C-deild kr. 6.000 á ári.

Póstsending innanlands er innifalin í verði áskriftar, einstakra hefta og eldri árganga, en fyrir kostnað vegna póstsendingar til útlanda skal greiða sérstaklega.

#### 4. gr.

Gjaldskrá þessi sem sett er skv. heimild í 3. mgr. 6. gr. laga nr. 15/2005, um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, kemur í stað gjaldskrár fyrir Stjórnartíðindi nr. 1276/2007 og öðlast gildi 1. febrúar 2016. Jafnframt fellur brott auglýsing nr. 469/2001 um gjald fyrir birtingu staðfesta skipulagsskráa í B-deild Stjórnartíðinda.

*Innanríkisráðuneytinu, 22. janúar 2016.*

**Ólöf Nordal.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*